

96. Héraðsþing UMSK – Þinggerð

96. ársþing UMSK var haldið þriðjudaginn 3. mars 2020 í Laugardalshöllinni í Reykjavík.

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK hóf þingið á kynna Semu Erlu Serdar sem flutti kynningu á Æskulýðsvettvanginum.

Þá kynnti Valdimar Ólaf Rafn Steinarsson frá RÍSí sem hélt kynningu á rafíþróttum.

1. Þingsetning.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK flutti ávarp formanns, setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna.

2. Kosning þingforseta.

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta, Hannes S. Jónsson, formann og framkvæmdastjóra KKÍ. Tillaga um þingforseta samþykkt. Þingforseti kvað þingið rétt boðað eða samkvæmt 5. gr. laga UMSK. Engar athugasemdir.

3. Kosning þingritara.

Þingforseti tók til starfa og bar fram tillögu um þingritara, Sigmar Ingi Sigurðarson, formann Knattspyrnufélagsins Augnabliks, Kópavogi. Tillaga um þingritara samþykkt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Þingforseti bar upp tillögu um þriggja manna kjörbréfanefnd, þau Olgu Bjarnadóttur Gerplu, formaður Eysteín Lárusson Breiðabliki Jón Júlíus Karlsson Aftureldingu Tillaga um kjörbréfanefnd samþykkt. Voru þau beðin að taka til starfa.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Þingforseti gaf formanni, Valdimar Leó Friðrikssyni orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Formaður rakti helstu viðburði í starfi sambandsins á síðastliðnu starfsári UMSK. Ársskýrslan og reikningar UMSK 2019 lá á borðum hjá þingfulltrúum og gátu þingfulltrúar fylgst með yfirferð formanns. Vísað í ársskýrsluna til frekari upplýsinga.

6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK fór yfir endurskoðan ársreikning sambandsins. Ársreikningurinn er á bls. 38-42 í ársskýrslunni. Ársreikningurinn er áritaður af þingkjörnum skoðunarmönnum án athugasemda.

Afkoman viðundandi og fjárhagsstaðan sterk. Reksturinn í góðu horfi undir traustri stjórn framkvæmdastjóra.

7. Ávörp gesta.

Jóhann Steinar Ingimundarson, UMFÍ

Flutti kveðju frá starfmönnum UMFÍ og hvetur félögin til að vera í góðu sambandi við UMFÍ. Rekur stækkun UMFÍ í kjölfar inngöngu íþróttabandalaganna. Úthlutun frá Getspá verður áfram til umræðu milli UMFÍ og félaganna.

Nefnir Landsmót 50+, Íþróttaveislu UMFÍ, Unglingalandsmót, Hreyfiviku og æskulýðsvettvanginn.

Nefnir mikilvægi sjálfbóðaliðanna og veitir af því tilefni starfsmerki UMFÍ

Veiting starfsmerkja UMFÍ

Algirdas Slapikas – Stál-Úlfi

Algirdas hefur verið formaður Stál-úlfs undanfarin 10 ár en tilgangur félagsins er að búa til vettvang fyrir íþróttááhugamenn af erlendum uppruna; hvetja til heilbrigðra lífshátta, efla sjálfsmynd og aðstoða innflytjendur að aðlagast íslensku samfélagi í gegnum íþróttir. Algirdas hefur verið ódrepanði í vinnu sinni við að byggja þetta starf upp sem er til fyrirmyndar á öllum sviðum.

Lárus B. Lárusson – Gróttu

Lárus hefur setið í stjórn UMSK frá árinu 2014. Þá hefur hann setið stjórn UMFÍ frá árinu 2017. Lárus er réttssýnn, lausnamiðaður og úrræðagóður og gott að leita til hans þegar á þarf að halda. Hann hefur sanngirni að leiðarljósi í störfum sínum en getur verið fastur fyrir þegar þess er þörf og hefur ávallt hagsmuni hreyfingarinnar að leiðarljósi.

Lárus hefur um langt skeið beint kröftum sínum að íþrótt- og ungmennahreyfingunni. Hann sat í bæjarstjórn Seltjarnarness um 8 ára skeið og var m.a. formaður íþrótt- og tómstundaráðs. Sem slíkur var hann m.a. í forsvari fyrir kröftugu íþróttastarfi sveitarfélagsins og uppbyggingu mannvirkja.

Sigurður Rúnar Magnússon – Afturelding

Sigurður Rúnar hefur verið mjög mikilvægur sjálfbóðaliði fyrir Aftureldingu sl. 10 ár eða svo og er með tvö börn í félaginu. Hann hefur komið að starfi margra deilda svo sem knattspyrnu, karate og handbolta en situr nú sem gjaldkeri aðalstjórnar og hefur verið sl. tvö ár. Það er ómetanlegt fyrir félag eins og Aftureldingu að hafa Sigurð sem gjaldkera, hann er gríðarlega nákvæmur, skipulagður og lausnamiðaður og setur sig einstaklega vel inn í mál.

Guðmundur Sigurbergsson – Breiðablik

Guðmundur hefur verið í stjórn UMSK síðastliðin 6 ár og í stjórn UMFÍ frá árinu 2015. Í dag er hann gjaldkeri samtakanna og það á vel við hann, enda stundum kallaður gjaldkeri Íslands því auk þess að vera gjaldkeri UMSK og UMFÍ þá er hann einnig gjaldkeri aðalstjórnar Breiðabliks. Þá hefur Guðmundur komið víða við í íþróttahreyfingunni sem endurskoðandi og skoðunarmaður á undanförunum árum. Guðmundur hefur því komið að starfi hreyfingarinnar á öllum stigum hennar og er sannarlega vel að því komin að hljóta starfsmerki UMFÍ.

Hafsteinn Pálsson, ÍSÍ

Flytur kveðju frá forseta og framkvæmdastjórnar og starfsfólks ÍSÍ og óskar UMSK til hamingjum með flotta skýrslu og gott starf. Nefnir mikilvægi Getspár fyrir félögin. Nefnir möguleikann á því að Ólympíuleikum verði frestað. Segir spennandi að fylgjast með hverjir það verði sem keppi fyrir Íslands hönd verði þeir haldnir. Beinir einnig athygli á almenningisþróttaverkefni ÍSÍ.

Viðurkenningar frá ÍSÍ

Eiríkur Mörk, Breiðabliki - Silfurmerki

Eiríkur Mörk kom fyrst til starfa í frjálsíþróttadeild Breiðabliks sem forystumaður í foreldraráði og var strax ljóst að um ötulan forystumann var að ræða.

Fljótlega eða árið 2011 var hann kjörinn formaður deildarinnar og sinnti hann því starfi með mikilli þryði. Þó hann hafi nú nýlega óskað eftir að stíga til hliðar sem slíkur er hann síður enn svo horfinn frá störfum í deildinni, Heldur ótrauður áfram í fjölmörgum verkefnum hennar svo sem mótahaldi og öðrum viðburðum.

Eiríkur hefur verið handhafi félagsmálabikars Breiðabliks.

Auk starfa í frjálsíþróttadeild Breiðabliks hefur Eiríkur setið og situr enn í varastjórn F.R.I. þar sem hann hefur unnið mjög ötullega.

Kristín Finnbogadóttir, Gróttu - Silfurmerki ÍSÍ

Kristín Finnbogadóttir hefur starfað hjá Gróttu frá árinu 2002 eða í 17 ár. Fyrstu 16 árin sem framkvæmdastjóri félagsins en gegnir nú starfi fjármálastjóra. Árin 1988-1990 sinnti hún stjórnarstörfum fyrir fimleikadeild.

Aðalviðfangsefni Gittu í starfi sínu hefur verið fjármálaumsýsla félagsins. Allt frá greiðslu reikninga til bókkunar þeirra. Hún hefur einnig unnið að fjárhagsáætlanagerð auk annarra almennra skrifstofustarfa og þjónustu við félagsmenn.

Gitta hefur í starfi sínu notið ómældra vinsælda félagsmanna og annarra þeirra sem leitað hafa á skrifstofu félagsins. Á fyrstu starfsárum sínum var hún eini starfsmaðurinn á skrifstofu Gróttu og sinnti öllum þeim erindum sem á skrifstofuna bárust.

Magnús Gíslason, HK - Gullmerki

Magnús tofnaði Handknattleiksfélag Kópavogs ásamt sjö öðrum 12 ára strákum í Kársnesskóla haustið 1969 og var kjörinn formaður drengjafélagsins.

HK var síðan formlega stofnað 26.janúar 1970 og fyrsti formaður Þorvarður Áki Eiríksson Sat sitt fyrsta UMSK þing 1970 (á Kjalarnesi) þegar HK sótti um aðild að UMSK.

Leikmaður og í stjórn HK fyrstu árin.

Í stjórn ungnlingaráðs handknattleiksdeildar HK í fjölda ára – setti m.a. á fót Ákamótið.

Í stjórn handknattleiksdeildar HK í fjölda ára.

Sat í aðalstjórn HK s.l. 20 ár og í stjórn UMSK s.l. 8 ár.

8. Álit kjörbréfanefndar.

Ólga Bjarnadóttir, formaður kjörbréfanefndar las upp fjölda þingfulltrúa hvers félags. Það voru 17 félög sem lögðu fram kjörbréf. Mættir voru og 51 frá þessum 17 félögum. Á þinginu hafa 42 félög seturétt með alls 171 þingfulltrúa. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.

Valdimar Leó tekur til máls og tilkynnir ný félög innan UMSK.

Taikwondofélag Kópavogs

Heimilisfang og varnarþing er í Kópavogi. Félagið er aðili að UMSK og telst, með aðild sinni, innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Taekwondosambands Íslands.

Tilgangur félagsins er iðkun og keppni í Ólympíugreininni Taekwondo.

Dansíþróttafélagið Rúbín

Aðsetur og varnarþing er í Garðabæ. Markmið félagsins er að iðka dansíþróttina, glæða áhuga á dansíþróttinni og stuðla að betri aðstöðu til iðkunar hennar.

Knattspyrnufélagið Skandinavía

Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi. Tilgangur félagsins er að iðka knattspyrnu og vinna að útbreiðslu hennar.

Knattspyrnufélagið Smári

Félagið heitir Smári og er knattspyrnufélag. Heimili félagsins og varnarþing er í Kópavogi. Tilgangur félagsins er að skapa félagsmönnum sínum aðstöðu og tækifæri til að iðka íþróttir og hvers konar félags- og tómstundastarfsemi. Jafnframt að efla samstöðu og samkennd bæjarbúa með þátttöku í starfi félagsins.

Knattspyrnufélag Bjarnastaða

Heimili og varnarþing er í Garðabæ, Tilgangur félagsins er að auka íþróttastarfsemi og menningu á Álftanesi (Garðabæ)

Fulltrúar frá félögum tóku til máls og kynntu félögin sín.

Þingforseti leggur fyrir þingið að samþykkja félögin.

Öll félögin eru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Umræður um skýrslu stjórnar.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar.

Þorsteinn Þorbergsson frá Stjórnunni kveður sér hljóðs. Leggur til að formaður skipti um mynd í skýrslunni. Nefnir að það sé furðu mikil aukning í fímeikum og veltir fyrir sér hvers vegna það er. Segir skýrsluna flotta og UMSK til sóma.

Hnýtir í gjaldkerann og ræðir að fjárhagsstaðan sé full sterk og spyr gjaldkera um tekjur að aðrar

tekjur og styrkir fara út 6 milljónum niður í 900 þús. Önnur spurning varðandi fræðslu og kynningarstarf hvað fjármunirnir fara í.

Þingforseti minnir á að þetta sé umræða um skýrslu stjórnar og leggur til að spurningar varðandi fjármuni fari fram undir lið 11.

Olga Bjarnadóttir kemur upp og segir að iðkenda fjöldi Gerplu hafi verið vantalinn um 1000 iðkendur árið 2018 og það skýri að einhverju leiti mismuninn á iðkenda fjölda á milli ára.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs.

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði. Hún var samþykkt samhljóma.

11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um ársreikning.

Gjaldkeri kemur fram og svarar spurningum Þorsteins undir lið 10.

Segir að stærsti hluti af 6 milljónum hafi verið styrkur frá Evrópusambandinu til ferðar til Manchester. Kostnaðurinn við þessa ferð hafi síðan fallið undir fræðslu- og kynningarstarf. Segir að ákvörðun um að leggja fé í sjóði sé frá stjórn og þar geti félögin sótt í þá fjármuni. Þingforseti bar ársreikning 2019 undir atkvæði. Hann var samþykktur samhljóma.

Hér var tekið 20 mín. þinghlé og fundarmönnum boðnar veitingar.

Afhending viðurkenninga til afreksmanna á sviðum íþróttá- og félagsmála fór fram í hléi. Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK og Lárus B. Lárusson, í stjórn UMSK afhentu viðurkenningarnar.

Viðurkenningar á 96. ársþingi UMSK:

UMFÍ bikarinn - lið ársins 2019

Gróttu m.fl. karla í knattspyrnu

Karlalið Gróttu í fótbolta náði þeim einstaka árangri að sigra Inkasso deildina sumarið 2019, sem nýliðar sem spáð var 9. sæti fyrir tímabilið. Gróttu komst því upp um tvær deildir á tveimur árum og mun á komandi tímabili leika í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Meðalaldur liðsins var um 21 ár og að jafnaði voru 5-6 uppaldir Gróttumenn í byrjunarliðinu. Þeirri stefnu hefur verið fylgt hjá Gróttu síðustu ár að enginn leikmaður fær greitt fyrir að spila fótbolta heldur hefur allt kapp verið lagt á að veita framúrskarandi þjálfun og skapa góða umgjörð í kringum liðið.

Árangur Gróttu vakti athygli en í lokaumferðinni mættu yfir 1000 áhorfendur á Vivaldivöllinn og fylgdust með liðinu sigrá Hauka 4-0 og tryggja sér upp um deild. Að leik loknum söfnuðust bæjarbúar saman á Eiðistorgi og hylltu leikmenn og þjálfara

Að tímabili loknu átti Gróttu fjóra leikmenn í liði ársins, markakóng deildarinnar og þjálfara ársins. Á kjöri Íþróttamanns ársins í desember var Óskar Hrafn Þorvaldsson, þjálfari Gróttu tímabilin 2018 og 2019, valinn þjálfari ársins og karlalið Gróttu varð í fjórða sæti í kjöri á liði ársins.

Félagsmálaskjöldurinn

Hólmfríður Halldórsdóttir Herði

Hólmfríður Halldórsdóttir eða Fríða eins og hún er ávallt kölluð, hefur verið ómetanleg í sjálfbæðastarfi hjá Hestamannafélaginu Herði til fjölda ára. Hún er ein aðaldrifkrafturinn á bak við stofnun fræðslunefndar fatlaðra hjá félaginu árið 2010 og var formaður nefndarinnar til fjölda ára. Það starf hefur fengið verðskuldaða athygli í gegnum árin og er það fyrst og fremst Fríðu að þakka hvernig til hefur tekist.

Þá hefur hún verið geysilega öflug í veitinganefnd félagsins, ásamt því að sjá um rekstur félagsheimilsins Harðarbóls til fjölda ára. Þá hefur hún verið tekið virkan þátt í öðrum nefndum félagsins, svo sem Lífstóltinu sem stóð fyrir æfingum og keppni fyrir hestakonur.

Íþróttakona UMSK 2019

Berglind Björg Þorvaldsdóttir, Breiðabliki

Berglind Björg átti mjög gott tímabil með liði Breiðabliks á liðnu ári, en liðið hafnaði í 2. sæti í Pepsí deild kvenna. Í 17 leikjum liðsins skoraði hún 16 mörk og hreppti titilinn markadrottning Pepsí deildar kvenna árið 2019. Breiðablik átti einnig góðu gengi að fagna í Meistaradeild Evrópu. Liðið komst alla leið í 16 liða úrslit keppinnar, en féll þar út á móti stórliði PSG frá Frakklandi. Berglind lék alla 7 leiki liðsins í keppinni og skoraði í þeim 10 mörk og er því ein af markahæstu leikmönnum Meistaradeildar kvenna á árinu. Hún lék 10 A-landsleiki á árinu og skorði í þeim 2 mörk, en alls hefur Berglind leikið 44 landsleiki fyrir Ísland og skorað í þeim 4 mörk.

Íþróttakarli UMSK 2019

Valgarð Reinhardsson, Gerplu

Valgarð er fremsti fimleikamaður landsins í dag. Hann varð Íslandsmeistari í fjölþraut á árinu auk þess sem hann sigraði á fjórum áhöldum af sex í keppni á einstökum áhöldum. Þá varð hann einnig bikarmeistari með liði sínu Gerplu 2019. Valgarð stóð sig vel í alþjóðlegum verkefnum og vann meðal annars til bronsverðlauna á svífrá á Norður Evrópumótinu. Hans stærst afrek á árinu var þó þegar hann komst í úrslit á gólfæfingum á heimbikarmótinu í Koper í Slóveníu, þar sem hann hafnaði að lokum í 6. sæti. Valgarð keppti einnig á Evrópuleikunum í Minsk, heimbikarmótinu í Melbourne og á Heimsmeistaramótinu í Stuttgart á liðnu ári. Í lok árs var Valgarð svo kosin fimleikamaður ársins hjá Fimleikasambandi Íslands.

Eftir þinghlé

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

96. ársþing UMSK haldið í Laugardalshöll 3. Mars 2020

Tillaga um fjárhagsáætlun - Frá stjórn UMSK

Guðmundur Sigurbergsson fer yfir fjárhagsáætlun ársins.

96. ársþing UMSK haldið 3. Mars 2020, samþykkir eftirfarandi fjárhagsáætlun fyrir 2020:

Fjárhagsáætlun UMSK 2020

Texti:	Áætlun 2019	Raun 2019	Áætlun 2020
Tekjur:			
Íslenskar Getraunir	1.400.000	1.285.400	1.200.000
Lottó ÍSÍ	38.000.000	45.612.258	44.000.000
Lottó UMFÍ	46.000.000	54.574.809	53.000.000
Skattar aðildarfélaga	1.900.000	2.157.300	2.000.000
Útbreiðslustyrkir ÍSÍ	8.000.000	9.650.864	9.000.000
Aðrir styrkir og tekjur	5.000.000	1.020.500	5.000.000
Tekjur samtals	100.300.000	114.301.131	114.200.000
Gjöld:			
Lottó úthlutað til aðildarfélaga	66.000.000	79.288.846	79.000.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	6.000.000	3.703.400	5.000.000
Laun:			
Laun og launatengd gjöld	12.100.000	12.135.045	15.000.000
Áunnið orlof	20.000	53.114	50.000
Ökutækjastyrkir	600.000	600.000	800.000
Gjöld samtals	84.720.000	95.780.405	99.850.000
Kostnaður vegna mótahalds:			
Héraðsmót	500.000	429.200	500.000
Eldri borgara verkefni	0	107.570	250.000
Skólahlaup UMSK	300.000	270.000	300.000
Skólasmót í blaki	500.000	466.877	150.000
Landsmót	0	0	1.500.000
Unglingalandsmót	0	263.364	200.000
Verðlaun/viðurkenninga	200.000	65.490	150.000
Búningar	50.000	0	100.000
Biathlon/battavellir	200.000	135.411	500.000

	1.750.000	1.737.912	3.650.000
Annar kostnaður:			
Áhöld og búnaður	200.000	801.068	300.000
Aðkeypt þjónusta	1.000.000	0	500.000
Bókhald, reikningagerð	300.000	276.024	300.000
Burðargjöld	20.000	1.829	5.000
Bækur, tímarit	10.000	5.980	10.000
Ferðakostnaður	1.000.000	1.114.004	500.000
Framlög og styrkir til félaga	1.500.000	1.017.930	1.000.000
Söguritunarsjóður	1.500.000	0	1.000.000
Húsaleiga	700.000	735.564	1.000.000
Húsnæðiskostnaður annar	25.000	0	100.000
Landsmótssjóður	0	1.000.000	500.000
Veitingar, fundakostnaður	600.000	747.890	800.000
Þing og sérráð	1.000.000	1.177.132	800.000
Ritföng, pappír, prentun	75.000	15.438	25.000
Sími og net	220.000	259.377	250.000
Stefnumótun	0	186.310	0
Tryggingar	25.000	19.761	30.000
Tölvukostnaður	150.000	658.219	150.000
Útgáfa	100.000	0	100.000
Námskeið		64.500	50.000
Fræðslumál	2.000.000	3.286.281	2.000.000
Verkefnasjóður	1.000.000	1.000.000	1.000.000
Samtals	11.425.000	12.367.307	10.420.000
Niðurstöður			280.000

14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.

Engar laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.

15. Aðrar tillögur lagðar fram.

Valdimar Leó kemur fram og bendir á að í 4. grein laga UMSK um starfsskýrslur kemur fram eftirfarandi:

...Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur ársþing UMSK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli vikið úr samandinu.

Eftirtöldum félögum vikið úr sambandinu:

Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar

Félagið stofnað: 10. janúar 2011

Skautafélagið Fálkar, Kópavogi

Félagið stofnað: 20. október 2010

Knattspyrnufélagið Skínandi, Garðabæ

Félagið stofnað: 7. Janúar 2012

Knattspyrnufélagið Örninn, Kópavogi

Félagið stofnað: 18. des 2013

Ungmennafélagið Drengur, Kjós

Félagið stofnað: 2015

Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ

Félagið stofnað: 10. júní 1982

Hjólreiðafélagið Hjólamenn

Félagið stofnað: 11. nóvember 2004

Þorsteinn Þorbergsson spyr hvort það hafi verið reynt að hafa samband við félögin. Valdimar framkvæmdastjóri segir að þau félög sem náðst hafi í hafi verið sátt við að vera vikið úr UMSK.

Þingforseti ber undir þingið hvort þingið samþykki og það er samþykkt með öllum greiddum atvæðum.

16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Ekkert gert undir þessum lið, því að engar nefndir voru skipaðar á þinginu.

17. Afgreiðsla á álitum nefnda.

Ekkert gert undir þessum lið.

18. Önnur mál.

Kosning fjögurra manna í stjórn afreksmannasjóðs.

Framkvæmdastjóri UMSK bar upp tillögu um fjögurra manna stjórn afreksmannasjóðs, þau

Ása Inga Þorsteinsdóttir, Stjórnunni

Sólborg Sunna Sigurðardóttir, Gerplu

Hanna Björk Halldórsdóttir, Aftureldingu

Ellen Dröfn, DÍK

Ekki voru fleiri tilnefningar. Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í stjórn

Afreksmannasjóðs.

Sigmar Ingi Sigurðarson Verkefnastjóri Íþróttaveislu kom og kynnti Íþróttaveislu fyrir þinggestum.

Engir aðrir tóku til máls.

19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.

Kosningar, uppstillinganefnd (kjörnefnd) skilar álit. Steini Þorvaldsson, formaður kjörnefndar tók til máls.

20. Kosning formanns.

Valdimar Leó Friðriksson, Aftureldingu situr áfram (kosinn til tveggja ára á síðasta þingi).

21. Kosning tveggja stjórnarmanna.

Í kjöri voru Lárus B. Lárusson, Gróttu og , Halla Garðarsdóttir Breiðabliki. Voru þau kosnir einróma.

Skoðast þeir því rétt kjörnir til næstu tveggja ára. (Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki og Magnús

Gíslason, HK sitja áfram, voru kosnir til tveggja ára árið 2019).

22. Kosning þriggja manna í varastjórn.

Í kjöri voru Þorsteinn Þorbergsson, Stjórnunni, Geirarður Long, Aftureldingu og Pétur Örn

Magnússon, HK. Voru þau kjörin einróma og skoðast þau því rétt kjörin í varastjórn til eins árs.

23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.

Í kjöri voru þeir Hafsteinn Pálsson, Aftureldingu og Kristján Sveinbjörnsson, Álfanesi og voru þeir

kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt kjörnir skoðunarmenn. Til vara voru í kjöri Eysteinn Pétur

Lárusson, Breiðabliki og Sigurjón Sigurðsson, HK og voru þeir kjörnir einróma. Skoðast þeir því rétt

kjörnir varamenn skoðunarmanna.

24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.

Ekki tekið fyrir.

Uppstillingarnefnd skipuð.

Steini Þorvalds

Algirdas Slapikas

Hanna Carla Jóhannsdóttir

25. Þingslit.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing og sleit þinginu formlega.

Þingi slitið kl. 20:55

Þingritari,
Sigmar Ingi Sigurðarson,
formaður Knattspyrnufélagsins Augnabliks, Kópavogi